

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 3280/92**frá 9. nóvember 1992****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1576/89 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 43. og 100. gr. a,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,
í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Banna ætti notkun tappa eða þynna sem innihalda blý til að loka ílátum sem eru notuð til markaðssetningar á brenndum drykkjum til að koma í veg fyrir mengunarhættu, einkum hættu á að það komist í snertingu við vöruna og hættu á umhverfismengun vegna blýúrgangs frá töppunum eða þynnum. Þó ætti að veita framleiðendum og þeim sem nota þessa tappa og þynnur aðlögunartíma með því að láta bannið taka gildi 1. janúar 1993. Auk þess er nauðsynlegt að leyfa sölu vara sem var tappað á flöskur fyrir þennan dag

þar sem notaðir voru tappa eða þynnur sem innihalda blý þar til birgðir þrýtur.

Af þeim sökum þarf að breyta reglugerð (EBE) nr. 1576/89 ⁽⁴⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist hér með við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89:

„e) Frá og með 1. janúar 1993 er óheimilt að geyma brennda drykki er falla undir þessa reglugerð með sölu eða markaðssetningu í huga ef tappa eða þynnur sem innihalda blý eru notaðar til að loka ílátum undir þá. Þó er heimilt að ráðstafa brenndum drykkjum í flöskum sem var lokað með slíkum töppum eða þynnum fyrir þennan dag þar til birgðir þrýtur.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. nóvember 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

D. HURD

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 69, 18. 3. 1992, bls. 12.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 241, 21. 9. 1992, bls. 98 og ákvörðun frá 28. október 1992 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 169, 6. 7. 1992, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.